

**5. fundur Skólaráðs – 12. maí 2023.**

Mættir: Hrönn Bergþórsd., Sigrún Jóna Eydal fulltrúi grenndarsamfélagsins, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri, Sólveig Baldursdóttir, fulltrúi kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna. Ekki mættir: Björg Eva Friðriksdóttir, 10.SEG, Hekla Mist Einarsdóttir 9. SS, fulltrúar nemenda, Hrafnhildur Helgadóttir, fulltrúi kennara og Linda Rún Skarphéðinsdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Heimasíða skólans
2. Niðurstöður foreldrakönnunar
3. Undirbúningur fyrir næsta skólaár
4. Önnur mál

**1.Heimasíða skólans**

Heimasíða skólans skoðuð lauslega og sagt frá því að næsta ár verði ný síða tekin í notkun en unnið er að henni á tölvudeildinni. Rætt var í framhaldinu um foreldrasamstarf og hlutverk bekkjafulltrúa, gott að hafa hugmyndalista yfir það sem bekkjafulltrúar geta gert í hverjum árgangi aðgengilegt á heimasíðunni.

**2.Niðurstöður foreldrakönnunar**

Farið yfir helstu atriði foreldrakönnunar Skólapúlsins. Sagt frá áhættumati sem gert var í mars sl. og helstu niðurstöðum þess ásamt úrvinnslu.

**3.Undirbúningur fyrir næsta skólaár**

Farið var yfir undirbúning fyrir næsta skólaár. Búið er að ráða í flestar stöður kennara, verið er að auglýsa eftir deildarstjóra tómstundastarfs, þroskaþjálfara, kennara á yngsta stigi og skóla- frístundaliða. Vorskípuþing er tilbúið en starfsfólk Víðistaðaskóla er að fara í skipulagða fræðsluferð til Albír í byrjun júní 2023 og hefur fengist heimild til að flýta skólaslitum 1. - 9. bekkja um einn dag miðað við skóladagatal og verða skólaslit því 6. júní í stað 7. Skólaslit og útskrift 10. bekkinga er hins vegar skv. áætlun þann 6. júní kl. 18:00.

**4. Önnur mál**

Skólapingið í ár var í samstarfi við foreldrafélagið og heimili og skóla þar sem boðið var upp á fræðslu fyrir foreldra hér í Víðistaðaskóla. Mjög fáir foreldrar frá okkur mættu en nokkrir voru á streymi. Það þarf virkilega að efla foreldra til að starfa með skólunum og styrkja foreldrafélögin í starfi.

Rætt var um málefni flóttabarna sem eru komin í skólann og væntanleg.

Framundan er vorhátíð Víðistaðaskóla sem er samstarfsverkefni skólans og foreldrafélagsins 16.5.23. kl. 17-19.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:30

Þetta var síðasti fundur skólaráðs þetta skólaár.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir